



2005-04-14

Nefndavið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Vt.: Ritari landbúnaðarnefndar

Efni: Umsagnir um mál nr. 700 og 701.

Vottunarstofan Tún þakkar boð um að veita umsögn varðandi mál nr. 700 og 701.

Umsagnir Túns um þessi mál fylgja hér með.

Með bestu kveðju,

Gunnar Á. Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

Til landbúnaðarnefndar Alþingis

UMSÖGN

701. mál: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Efni frumvarpsins

Frumvarpið tilgreinir þau lög sem ætlunin er að breyta vegna fyrirhugaðrar stofnunar Landbúnaðarstofnunar.

Þótt í frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun (mál nr. 700) sé ekkert minnst á að stofnunin hafi hlutverki að gegna í stjórnsýslu varðandi lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu er því verkefni óvænt stungið undir stofnunina í formi tillögu um breytingu á lögum nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu, sjá 21. gr. þessa frumvarps.

Sú stjórnsýsla hefur hingað til verið á höndum landbúnaðarráðuneytisins, en vottunarstofan annast eftirlit og vottun lífrænnar framleiðslu.

Álit

Vottunarstofan Tún telur farsælast að stjórnsýsla laga um lífræna framleiðslu verði óbreytt, þ.e. á höndum landbúnaðarráðuneytisins. Ástæður þess eru einkum þessar:

- Vottun lífrænnar framleiðslu tekur til fleiri og fjölþættari sviða en þeirra sem Landbúnaðarstofnun er ætlað að annast.
- Vottun lífrænna afurða byggist á vottun aðferða sem beitt er við alla þætti framleiðslunnar, en skv. frumvarpinu er landbúnaðarstofnun ætlað að annast heilbrigðis- og gæðamál í landbúnaði.
- Verði landbúnaðarstofnun deildaskipt í samræmi við tilgreind hlutverk hennar verður ekki séð að neitt eitt svið tengist lífrænni framleiðslu nánar eða meira en önnur.
- Á undanförunum árum hafa tengsl landbúnaðarráðuneytis og vottunarstofu mótast í farveg þar sem hlutverk hvors um sig er skýrt og hagsmunaárekstrar koma ekki upp. Stjórnsýslukostnaður núverandi fyrirkomulags er lítill. Vottunarþjónusta er starfrækt með hagkvæmum og ódýrum hætti, nýtur viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi, og sinnir auk þess mikilvægum verkefnum í grannlöndum okkar Færeyjum og Grænlandi. Varhugavert er að raska þessu fyrirkomulagi nema ljóst sé að annað og betra taki við, sem full sátt er um.

Verði hinsvegar stjórnsýsla laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu komið fyrir hjá nýrri stofnun er nauðsynlegt að gerð verði frekari lagfæring á 3. og 4. gr. laganna til að tekin verði af tvímæli um hlutverkaskipan á þessu sviði og komið sé í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra. Eins og greinar þessar hljóða nú má túlka þær svo að landbúnaðarráðherra (landbúnaðarstofnun) geti bæði annast stjórnsýslu laganna og stundað vottun í samkeppni við sjálfstæða aðila.

Tún gerir því að aðaltillögu sinni að 21. gr. frv. á þskj. nr. 1059 verði felld niður, en að öðrum kosti verði greinin umorðuð þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra (fyrsta eða önnur varatillaga).

Breytingatillaga

Aðaltillaga:

21. grein falli niður.

Fyrsta varatillaga:

21. grein orðist svo:

- (a) Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. kemur „vottunarstofa“.*
- (b) Í stað orðsins „starfsleyfi“ í sömu grein kemur „vottun“. Orðin „landbúnaðarráðherra eða“ í 5. gr. falla brott.*

Önnur varatillaga:

21. grein orðist svo

- (a) Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. kemur „vottunarstofa“. Í stað orðsins „starfsleyfi“ í sömu grein kemur „vottun“.*
- (b) Orðin „landbúnaðarráðherra eða“ í 5. gr. falla brott.*
- (c) Nýr málslíður bætist við 6. gr. og orðist svo: „Landbúnaðarráðherra getur falið Landbúnaðarstofnun að annast stjórnsluverkefni varðandi framkvæmd þessara laga.“*

Reykjavík, 14. apríl 2005

Fyrir hönd Vottunarstofunnar Túns


TÚN 
VOTTUNARSTOFA